

SVEITARSTJÓRNAR- STIGIÐ Á 21. ÖLDinni

Ráðstefna á Grand hóteli Reykjavík 26. október 2015

Staða og þróun sveitarstjórnarstigsins á Íslandi í norrænu ljósi. Hvað getum við lært af norrænum umbótaverkefnum?

Frá aldamótum hefur verið hrint af stað viðtækum umbótaverkefnum á sveitarstjórnarstiginu í norrænum grannríkjum Íslands. Danir riðu á vaðið, Finnar fylgdu á eftir og nú eru í undirbúningi miklar breytingar á sveitarstjórnarstiginu í Noregi. Umbótaverkefnið eiga það sammerkt að markmið þeirra hefur verið að efla og styrkja sveitarfélög með sameiningum og fleiri aðgerðum til að þau geti tekist á við framtíðaráskoranir vegna öldrunar íbúa, þyngri velferðarþjónustu og tekjusamdráttar. Á ráðstefnunni munu norrænir fræðimenn og sveitarstjórnarmenn gefa yfirlit yfir þær breytingar sem hafa átt sér stað og eru í farvatninu; hver eru markmiðin, hvernig hefur gengið að nálgast þau og hvernig er unnið að breytingum. Í kjölfarið munu íslenskir

fræðimenn fjalla um hvaða lærdóm við getum dregið af þessum verkefnum og breytingum fyrir íslenska sveitarstjórnarstigið. Að lokum verða almennar umræður.

Ráðstefnan er haldin í samstarfi innanríkisráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Nordregio sem er stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Aðstandendur hennar vonast til að sveitarstjórnarmenn, alþingismenn og aðrir sem eru áhugasamir um málefni sveitarstjórnarstigsins muni nýta sér þetta tækifæri til að fræðast um og ræða stöðu sveitarstjórnarstigsins á 21. öld. Ráðstefnan fer fram á ensku og íslensku. Nákvæm dagskrá og nánari upplýsingar verða á www.samband.is.



70 ára

Samband íslenskra
sveitarfélaga
1945-2015



NORDREGIO
Nordic Centre for Spatial Development



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ